

Mál nr. 1

Umf. Neisti Djúpavogi gegn Leikni Fáskrúðsfirði

Kæra Umf. Neista Djúpavogi

Umf. Neisti Djúpavogi leggur hér með formlega fram kæru á hendur Umf. Leikni Fáskrúðsfirði.

Kæran er vegna leiks sem leikinn var á Djúpavogsvelli þann 19. júní kl. 20.00 þar sem Neisti og Leiknir áttust við. Þjálfari Leiknis tók út leikbann í þessum leik en þrátt fyrir það var hann í búningsklefa með leikmönnum fram að leik, kom ítrekað upp að hliðarlínu áhorfendamegin í leiknum og kom þannig skilaboðum til sinna manna og ræddi síðan við allan hópinn í leikhléi (áhorfendamegin). Þannig stýrði hann liðinu líkt og aðrir þjálfarar sem ekki eru í leikbanni. Dómara var gert grein fyrir þessu oftár en einu sinni en lét afskiptalaust. Með kærinni er stuðst við starfsreglur aganefndar KSÍ, 9. grein 5. og 6. lið, og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 4. grein 4. lið nr. 1.

Virðingarfyllst,

f.h. Neista

Björgvin R. Einarsson, formaður

Úrskurður knattspyrnudómstóls Austurlands

Ár 2000, mánudaginn 3. júlí, er dómþing knattspyrnudómstóls Austurlands háð að Kaupvangi 2, Egilsstöðum, af Hilmarí Gunnlaugssyni, Valgeiri Kjartanssyni og Alberti Eymundssyni dómendum. Fyrir er tekið kærumálið Umf. Neisti, Djúpavogi gegn Umf. Leikni, Fáskrúðsfirði. Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur dómur:

Kæruefni

Með bréfi dags. 20. júní 2000 lagði Ungmennafélagið Neisti, Djúpavogi, fram kæru á hendur Ungmennafélaginu Leikni, Fáskrúðsfirði, vegna leiks liðanna í meistaraflokki karla í knattspyrnu sem leikinn var á Djúpavogsvelli þann 19. júní 2000. Í kærinni er málsatvikum lýst svo: "*Þjálfari Leiknis tók út leikbann í þessum leik en þrátt fyrir það var hann í búningsklefa með leikmönnum fram að leik, kom ítrekað upp að hliðarlínu áhorfendamegin í leiknum og kom þannig skilaboðum til sinna manna og ræddi síðan við allan hópinn í leikhléi (áhorfendamegin). Þannig stýrði hann liðinu líkt og aðrir þjálfarar sem ekki eru í leikbanni. Dómara var gert grein fyrir þessu oftár en einu sinni og lét afskiptalaust.*" Kærandi krefst þess að viðurkennt verði að kærði hafi með háttsemi sinni brotið ákvæði 9.5. og 9.6. í starfsreglum aganefndar KSÍ og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 4. gr. 4. lið nr. 1. Krefst kærandi þess að honum verði dæmdur sigur í leiknum, 3-0.

Varnir kærða

Kærði krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað og úrslit leiksins látin standa óhögguð. Af hálfu kærða er því mótmælt að þjálfari liðsins hafi verið í búningsklefa með leikmönnum fram að leik og því haldið fram að hann hafi vikið úr búningsklefa þegar 1 klst. var til leiks. Kærði mótmælir því að þjálfari liðsins hafi ítrekað komið upp að hliðarlínu áhorfendamegin í leiknum og komið þannig skilaboðum til sinna manna. Kærði viðurkennir að þjálfari liðsins hafi verið við leikmannahópinn í leikhléi og að hann hafi hugsanlega sagt þar nokkur orð. Kærði mótmælir því að þjálfari liðsins hafi með háttsemi sinni stjórnað liðinu í umræddum leik.

Málavextir

Þann 10. júní 2000 var Ulatowski Rafal, þjálfara kærða, vikið af leikvelli sem leikmanni í leik liðsins við lið kæranda á Fáskrúðsfirði og bar honum að taka leikbann sitt út í næsta leik, sem einnig var við lið kæranda, þann 19. júní 2000 á Djúpavogi. Þjálfarinn var til að byrja með skráður á leikskýrslu sem þjálfari, en eftir að hafa spurt dómara leiksins um 30 mín. fyrir leik að því hvort slíkt væri heimilt, var hann tekinn af leikskýrslu með því að krotað var yfir nafn hans. Óumdeilt er að á meðan á leik stóð þá hélt þjálfarinn sig áhorfendamegin. Jafnframt verður að telja sannað með vætti dómara leiksins, Eysteins Kristinssonar, að þjálfarinn kom að minnsta kosti einu sinni alveg upp að hliðarlínu til að ræða við einn leikmann liðsins, þegar hlé var gert á leiknum vegna meiðsla eins leikmanns. Þá kvaðst dómari leiksins einu sinni hafa gefið þjálfaranum merki um að fara lengra frá vellinum, með því að veifa hendi sinni. Þá hefur verið viðurkennt af hálfu kærða að þjálfarinn var við liðið í leikhléi, en kærði hélt því fram að þjálfarinn hefði í raun ekki verið að stjórna liðinu, einungis sagt nokkur hvatningarorð.

Niðurstöður

Meirihluti dómsins, Albert Eymundsson og Valgeir Kjartansson, telur að samkvæmt ákvæði 9.6 í starfsreglum aganefndar KSÍ er þjálfara, sem hefur sem leikmaður verið úrskurðaður í leikbann, óheimilt að stjórna liðinu í þeim leikjum sem hann tekur út leikbann í. Í ákvæði 9.5 í sömu reglum er síðan skýrt nánar hvað felst í því að stjórna. Af orðalagi greinar 9.5 verður að álykta, að ekki þurfi að sanna að þjálfari hafi beinlínis stjórnað liði sínu, heldur sé nægilegt að sýna fram á að hann hafi verið í aðstöðu til þess. Óumdeilt er í málinu, að þjálfari kærða var við leikmannahópinn í leikhléi og breytir þar engu þó leikmennirnir hafi komið inn á áhorfendasvæðið til þjálfara síns. Þá er sannað að þjálfarinn kom einu sinni að hliðarlínunni til að tala við einn leikmann í liði sínu. Telja verður sannað að þjálfari kærða hafi því með háttsemi sinni brotið gegn ákvæði 9.5, sbr. grein 9.6. í starfsreglum aganefndar KSÍ.

Dóminum hafa verið kynntar aðstæður á leikstað, en langt er til búningsklefa og því er það til síðs að félag fari afsíðis á vallarsvæðinu til að ræða málin í leikhléi. Í reglum KSÍ um knattspyrnuvelli segir um velli sem notaðir eru í 3. deild að ekki séu gerðar aðrar kröfur um öryggissvæði en þær að nærvera áhorfenda trufla ekki leikmenn eða starfsmenn leiksins. Í máli dómara leiksins kom fram að hann hafi ekki orðið var við þjálfara kærða á meðan á leik stóð, nema þegar honum hafi sérstaklega verið bent á hann af leikmönnum kæranda.

Þrátt fyrir að fallist hafi verið á, að þjálfarinn hafi verið í aðstöðu til að ná til liðs síns, þá þykir meirihluta dómsins, að teknu tilliti til aðstæðna á keppnisstað og þess að brot þjálfarans er ekki alvarlegt að ekki sé unnt að fallast á það að kærði hafi notað þjálfara sinn í skilningi greinar 4.4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Af þessari ástæðu er ekki rétt að beita hámarksrefsingu og verður kröfu kæranda um að úrslitum leiksins skuli breytt því hafnað. Þar sem þjálfarinn og lið kærða sýndu tilbúnað til að misnota aðstöðuna eins og fram kemur í kærðu kæranda og með vísan til greinar 9.7 í starfsreglum aganefndar KSÍ þykir hins vegar rétt að sekta kærða um kr. 20.000.

Dómsorð

Úrslit leiks Neista Djúpavogi og Leiknis Fáskrúðsfirði frá 19. júní 2000 skulu standa óhöggud. Kærði greiði kr. 20.000 í sekt sem renni til Knattspyrnusambands Íslands.

Valgeir Kjartansson
Albert Eymundsson

Sératkvæði Hilmaris Gunnlaugssonar

Ég fellst á þá niðurstöðu meðdómenda minna að þjálfarinn hafi verið í aðstöðu til að stjórna liði sínu. Í grein 9.7 í starfsreglum aganefndar KSÍ er fjallað um viðurlæg vegna brota á greinum 9.5 og 9.6. Er þar einungis um sektarrefsingu að ræða. Kærandi hefur krafist þess að ákvæði greinar 4.4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót verði notað við ákvörðun refsingar, en þar segir: "*Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann,*

Þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða." Ekki er að finna í reglugerðinni nánari skýringu á því hvenær félag hafi notað þjálfara í leikbanni. Ekki finnast aðrar háttænisreglur þessa efnis en áður nefnd ákvæði 9.5 og 9.6 í starfsreglum aganefndar KSÍ. Verður því að mínu mati að miða við að skýra beri orðalag reglu 4.4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með hliðsjón af greinum 9.5 og 9.6 í starfsreglum aganefndar KSÍ. Af þessum sökum tel ég að ekki verði komist hjá því að telja kærða hafa notað þjálfara sinn sem var í leikbanni. Ber því að mínu mati að dæma kæranda sigur í leiknum, 0-3. Samkvæmt grein 9.7 í starfsreglum aganefndar KSÍ er ekki skylt að dæma sekt, en í grein 4.5.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er skylt að dæma félagi sekt allt að kr. 178.500 hafi það notað þjálfara í leikbanni. Þegar tekið er tillit til málsatvika allra, þess að um óverulegt brot var að ræða og að kærði yrði fyrir mjög þungbærri refsingu með breyttum úrslitum, þykir mér sekt hæfilega ákveðin kr. 5.000.

Hilmar Gunnlaugsson